

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjupings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Stofnuð skal ný sókn, Lindasókn, er myndar nýtt prestakall, Lindaprestakall. Mörk sóknarinnar og prestakallsins eru:

Reykjanesbraut að norðvestan frá mörkum Kópavogs og Garðabæjar norðaustur Reykjanesbraut að mörkum Kópavogs og Reykjavíkur norðnorðvestan Seljahverfis, þaðan eftir mörkum Kópavogs og Reykjavíkur til norðausturs og mörkum Kópavogs og Garðabæjar til suðausturs og suðvesturs.

Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi

Hellnasókn sem nú tilheyrir Ingjaldshólsprestakalli tilheyrir Staðastaðarprestakalli.

Húnavatnsprófastsdæmi

Árnesprestakall og Hólmavíkurprestakall sameinast. Heiti hins sameinaða prestakalls verður Hólmavíkurprestakall. Prestssetur: Hólmavík.

Skagafjarðarprófastsdæmi

Úlfsstaðir, sem nú tilheyra Miklabæjarsókn, Miklabæjarprestakalli, tilheyrir Silfrastaðasókn, Miklabæjarprestakalli.

Þingeyjarprófastsdæmi

Sauðanessókn, sem tilheyrir Þórshafnarprestakalli, nefnist Þórshafnarsókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 50. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lindaprestakall stofnast 1. júlí 2002. Fram að þeim tíma nýtur Lindasókn þjónustu frá Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Sameining Árnes- og Hólmavíkurprestakalls öðlast gildi við starfslok sóknarprestis í Árnessprestakalli.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason

Gunnar Sveinsson

forseti kirkjubings.

Þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.